

SKÓLASKRIFSTOFA
HAFNARFJARÐARStrandgötu 31
220 HafnarfjörðurOpin mán.-fös. kl. 8-16.
Sími: 585 5800.

skolaskr@hafnarfjordur.is

RITSTJÓRN - SKRIF

Vigfus Hallgrímsson
þróunarfulltrúi grunnskóla
vigfus@hafnarfjordur.is

MARKMIÐ ÚTGÁFU

Að miðla upplýsingum til starfsfólks í grunnskólum Hafnarfjarðar, foreldra og annarra um skólamáli í Firðinum og skólaþróun. Þeir sem vilja koma upplýsingum í blaðið eru beðnir að senda tölvupóst á vigfus@hafnarfjordur.is. Þá eru vel þegnar ábendingar um það sem betur má fara.

DREIFING

Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks skóla í grunnskólum Hafnarfjarðar, fulltrúa foreldra o.fl. Stefnt er að vikulegri útgáfu (með leyfilegum forföllum) á starfstíma skóla. Útgáfudagar eru föstudagar. Blaðið er 2 síður í A-4 stærð.

GRUNNSKÓLAR
HAFNARFJARÐAR

Í Hafnarfirði eru starfandi níu grunnskólar. Nemendur eru um 3800 í nálægt 180 bekkjardeildum og kennarar eru yfir 300 en starfsmenn allir kringum 650. Skólarnir eru:

- Áslandsskóli.
www.aslandsskoli.is
- Engidalsskóli.
www.engidalsskoli.is
- Hraunvallaskóli.
www.hraunvallaskoli.is
- Hvaleyrarskóli.
www.hvaleyrarskoli.is
- Lækjarskóli.
www.laekjarskoli.is
- Setbergsskóli.
www.setbergsskoli.is
- Víðistaðaskóli.
www.vidistadaskoli.is
- Öldutúnsskóli.
www.öldutunsskoli.is
- Barnaskóli Hjallastefunnar
www.hjalli.is/bsk7610

SKÓLASKRIFSTOFA
HAFNARFJARÐAR

Skólavefritið

4. ÁRGANGUR, 23. TBL.

15. FEBRÚAR 2008

LOGOS - nýtt lesgreiningarforrit í alla grunnskóla

Í gær var undirritaður samningur milli Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar og Lexometrica um kaup á lesgreiningarforritinu LOGOS í alla skóla í Hafnarfirði. Jafnframt mun Lexometrica sjá um þjálfun sérkennara í Hafnarfirði í notkun forritsins. LOGOS er nýtt tölvuforrit til að greina dýxlexíu og aðra lestrarerfiðleika. Prófið er staðlað fyrir 3. – 10. bekk en getur einnig nýst við greiningu yngri nemenda. Því fylgir viðamikill hugmyndabanki um leiðir og kennsluáðferðir fyrir nemendur með dyslexíu. Eigendur Lexometricu eru Bjarn-

fríður Jónsdóttir, Guðbjörg Ingimundardóttir, Guðlaug Snorrardóttir og Gyða M. Arnmundsdóttir sem allar eru sérkennarar með mikla reynslu af kennslu og greiningu nemenda með lestrarerfiðleika. Þær stóllur hafa undanfarin tvo ár unnið að þýðingu og staðfærslu forritsins.

Síðar í febrúar hefst námskeið fyrir sérkennara í skólum Hafnarfjarðar um

notkun forritsins og annað námskeið verður síðan haldið í haust. Þess er vænst að LOGOS verði öflugt hjálpartæki fyrir kennslu og greiningu nemenda með lestrarerfiðleika.



Frá undirritun samnings um kaup á LOGOS. Fulltrúar Skólaskrifstofu og Lexometricu.

Afmæli Hafnarfjarðar í Hraunvallaskóla

Í morgun var sýning á afrakstri þemaviku í Hraunvallaskóla. Foreldrum var boðið í skólann til að skoða sig um og sjá hvað börn þeirra hafa verið að vinna að í vikunni. Auk þess var opið glæsilegt kaffihús með kokum sem nemendur höfðu bakað.

Áhersla þemans var á 100 ára afmæli Hafnarfjarðar í ár. Þannig hafa nemendur kynnt sér náttúrufyribæri í nágrenni skólans. Þá tóku nemendur sig til og tóku viðtöl við marga Hafnfirðinga og gáfu út kynningabækling um þá, a.m.k. 14 bæklinga!

Mikil áhersla hefur verið

á verkgreinar og listrænt starf. Eitt þessara verkefna sést hér á myndinni ásamt höfundunum níu. Þetta er grafíklistaverk unnið á plexigler og sýnir

Skólapróun

dreka lesa bók. Dreki er einkenni SMT-skólafærni í skólanum og mun verkið tengjast því starfi.





Námskeið í næstu viku:

miðvikudagur 20. febrúar
- Námskeið 405: **Ritunar-kennsla og námsmat ritunar í unglingskennslu** í Menntasetrinu við Lækinn kl. 15-17 (3. tími).

Fimmtudagur 21. febrúar:
- Námskeið 305: **Framhaldsnámskeið í Clicker hugbúnaðinum** í Menntasetrinu við Lækinn kl. 13.15-17 (1. tími).

föstudagur 22. febrúar
- Námskeið 605: **Kennarinn sem leiðtogi** á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar kl. 13-17 (fyrrri dagur).

- Fræðslufundur 804: **Að PÍSA sig (van)sælan** í Menntasetrinu við Lækinn kl. 13.30-15.30.

Tilkynning vikunnar

Námskeið 407, **Kennsla í námshópum með tvítyngdum nemendum**, fellur niður vegna ónógrar þátttöku.
Námskeið 406, **Nýjungar í sundkennslu**, frestast til föstudags 29. febrúar að ósk kennaranna sem kenna á námskeiðinu.

Næsta blað Skólavefritsins er væntanlegt föstudaginn 22. febrúar 2008.

Tilkynningar og fréttaskot um það sem er á döfinni

- » Framhaldsnámskeið í Clicker-hugbúnaðinum verður á fimmtudag í næstu viku og eru enn nokkur pláss laus á námskeiðinu. Það sama á við námskeið 605, **Kennarinn sem leiðtogi**, sem hefst næsta föstudag. Fræðslufundurinn um PISA könnun verður einnig næsta föstudag 22. febrúar, sem ætlaður stjórnendum, og er enn hægt að skrá sig á hann.
- » Nýttkomin er skýrsla um stöðu verkefnisins PMT-FORELDRAFÆRNI þar sem farið er yfir framkvæmd verkefnisins hér í Hafnarfirði og hvað hefur áunnist. Skýrsluna má nálgast á heimasíðu PMT: <http://www.hafnarfjordur.is/hafnarfjordur/upload/files/pdf/pmt/skyrsla2008.pdf>.



Hluti jólaborsins í útgáfu nemenda í Hraunvallaskóla frá syningunni þar í morgun.



Stafræn námsgögn í kennslu

Fræðiefni vikunnar er sænsk handbók um stafræn kennslugögn er nefnist **Digitala lærresurser - möjligheter och utmaningar för skolan**. Ritið er 66 síður.

Ritið skiptist í nokkra kafla. Þar er m.a. fjallað um notkun stafrænna kennslugagna í kennslu og röksemdir fyrir notkun þeirra. Þá er skoðað fyrirkomulag vinnu með stafræn kennslugögn er í nokkrum löndum. Loks er kynnt hvernig stafrænt námsefni tengist skólastarfi og hugmyndum um



nám og kennslu. Er þar einkum verið að skoða möguleika um einstakling-

smiðun, þ.e. hvernig hægt sé að miða kennsluáherslur við einstaklinga og sjálfsábyrgð þeirra í námi.

Almennt séð mun áherslan í auknum mæli fara yfir á stafræn kennslugögn og tölvunotkun. Það breytir þó ekki því að enn sem komið er eru bjargir hér ónógar fyrir skólastarf, þ.e. of lítið af stafrænu námsefni er í boði og ónógar tækjabúnaður í skólum (tölvur og skjávarpar) sem er forsenda þess að hugmyndin komist í fulla framkvæmd. Og ekkert gerist nema kennari stýri náminu!

Fræðiefnið

VEFSLÓÐ: http://www.skolutveckling.se/publikationer/sokochbestall/_pid/publdbExternal/_rp_publdbExternal_action/publicationDetails/_rp_publdbExternal_public_id/568

Ókeypis íslensk-ensk orðabók á vefnum

Orðabækur eru miklar bækur og dýrar. Grunnskólum boðinn ókeypis aðgangur að vefnum www.ordabok.is. Hann er íslensk-ensk og ensk-íslensk orðabók á vefnum. Það eina sem skólar þurfa að gera er að senda

beiðni um að fá aðgang og byggir á því að skóli hafi fasta IP tölu. Sækið um.

Á vefnum er einnig hægt að hlusta á framburð enskra orða. Á vefnum einnig hægt að fá hugbúnað sem vinnur með ritvinnslu í WORD og

Outlook til að laga stafsetning- arvillur, þ.e. í stað enskra orða finnur WORD íslenskar villur en horfir samt framhjá enskum orðum í íslenskum texta.

Aðgangur er seldur til heimila og einstaklinga utan skólanna.

Vefhornið

ordabok.is
Orðaskrár uppfærðar: 29-01-08

á ð é í ó ú ý þ æ ö Orð Finna

| Beygingar | Sagnir | Glósur | Vefleit | Valkostir | English | Um | Samband | Áskrift | Heim | | Afskrá |

VEFSLÓÐ: <http://www.ordabok.is>